



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sunnufold

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
4	Innra mat deilda 2024-2025	9
4.1	Hulduheimar	9
4.2	Álfheimar.....	10
4.3	Tröllheimar.....	11
4.4	Logi.....	12
5	Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótapátt)	13
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	14
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	15
8	Foreldrasamvinna.....	15
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
10	Fylgiskjöl	17





1 Greinargerð leikskólastjóra

Það hafa orðið breytingar á stjórnendateymi í leikskólanum Sunnufold á yfirstandandi starfsári. Ég tók við starfi leikskólastjóra 1. september og með mér í stjórnendateyminu eru nú Bryndís sem aðstoðarleikskólastjóri og Alise sem sérkennslustjóri. Við höfum unnið saman að því að styðja við starfsfólk og börn og tryggja gott skipulag og faglegt starf.

Nýtt skipulag um aldursskiptingu húsa hefur gengið afar vel. Með því fyrirkomulagi fá börn á sama aldri sambærileg námstækifæri og við sjáum jákvæð áhrif þess í daglegu starfi. Börnin finna sig vel í sínum hópum, líður vel og við sjáum þau blómstra í leik og námi.

Starfsmannahópurinn okkar er öflugur, samstilltur og metnaðarfullur. Fram undan eru þó breytingar – eins og oft vill verða í leikskólastarfi – og við munum kveðja nokkra samstarfsfélaga nú í haust. Það er hluti af lífinu í leikskólanum. Við þökkum þeim fyrir samveruna og framlagið og hlökkum jafnframt til að taka á móti nýjum félögum sem og nýjum börnum sem hefja leikskólagöngu sína hjá okkur.

Í Sunnufold viljum við áfram leggja rækt við það að hér séu glöð börn sem fá tækifæri til þess að þroskast og læra, hvert á sinn hátt. Við leggjum áherslu á að öll börn fái að dafna sem einstaklingar í umhverfi þar sem þeim líður vel, þeim er treyst og þau upplifa að þau skipti máli.

Markmið okkar er að leikskólinn Sunnufold sé staður þar sem bæði börn og starfsfólk finna til öryggis og vellíðunar, staður sem styður við vöxt, leik og sköpun. Við einsetjum okkur að taka stöðugt skref fram á við – í þroska og framþróun, bæði hvað varðar starfsemina í heild og með hagsmuni hvers og eins barns að leiðarljósi.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Hvað var metið?	Skilvirkni í fundarstarfi
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram þrisvar yfir skólaárið þar sem farið var yfir hvernig gengi með að halda föstum fundartímum og að skrifa fundargerðir. Matið fór fram á stjórnendafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur og deildastjórar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Á fyrrihluta skólaárs gekk ekki nógu vel að halda fundartímum og þeim var gjarnan frestað. Það var bætt og þegar leið á skólaárið var nánast undantekningarlaust haldinn deildarstjórafundur á settum tíma. Fundargerðir voru ritaðar, hinsvegar komst það ekki í rútínu að gera þær aðgengilegar og er það eitthvað sem þarf að vinna áfram að. Deildafundir og skipulag þeirra er eitthvað sem þarf að setja í forgang og vinna betur með að halda þeim inni.

Hvað var metið?	Námskrángerð og gerð starfsmannahandbókar samhliða því
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundum þar sem farið var yfir gömlu námskrá Sunnufolda, þar sem lögð voru drög að þeirri stefnu sem við viljum vinna eftir í Sunnufold. Á deildastjórafundum í umræðu við deildastjóra. Á starfsdegi í umræðu við allt starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur – Deildastjórar - Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það er komin ákveðin sýn á það hvert við viljum stefna og hvaða línur við viljum leggja í skólanum okkar. Það er mikil vinna framundan þar sem þarf að koma í orð hvað það er sem við erum að gera og hverju við viljum bæta inn. Ekki gafst nægjanlegt svigrúm í starfinu síðasta vetur til þess að hefja skrif almennileg og það er eitthvað sem við munum bæta úr næsta vetur.





Hvað var metið?	Snerpusamtöl – tvisvar á ári
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Ekki tókst að hafa snerpúsamtöl tvisvar sinnum yfir árið, heldur var eitt þróunarsamtal um vorið. Mögulega væri hægt að koma snerpúsamtölum að ef þau væru skipulögð strax um haustið og ekki öll tekin á sama tíma.

Hvað var metið?	Stofnun ársins – að fá fólk til þess að taka þátt
Hvernig fór matið fram?	Stjórnendafundi.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það tóku fleiri þátt en árið áður en það þurfti að hafa mikið fyrir því. Tími var gefinn en þrátt fyrir það þurfti að minna á það oft en einu sinni og ekki tóku allir þátt. Við munum halda áfram að ganga á fólk fyrir næstu könnun og gefa fólki tíma til þess að taka könnunina.





Ytra mat

Hvað var metið?	Stofnun ársins - starfsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun send á alla starfsmenn
Hverjir tóku þátt í matinu? (s	Allir starfsmenn fengu könnunina senda – 19 starfsmenn tóku þátt sem var rúmlega helmingur starfsmanna
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Leikskólinn kom ágætlega út en margt sem má bæta næsta skólaár.

Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun send á 79 foreldra í leikskólanum
Hverjir tóku þátt í matinu?	68 foreldra svöruðu könnunni eða 86,1 %
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Heildar niðurstaða er góð, foreldrar upplifa börn sín ánægð og örugg í leikskólanum. Húsnæði kom ekki vel út í könnun og þar er tækifæri til umbóta.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Sérkennsla	
Umbótapáttur/matspáttur	Starfið byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem unnið er í samstarfi við foreldra, deildarstjóra og aðra fagaðila. Lögð er áhersla á að sérkennslan styðji við þátttöku barnanna í leik og daglegum athöfnum. Samstarf sérkennara og starfsfólks deilda er traust og stuðlar að samheldni í teymisvinnu. Leikskólabragurinn endurspeglast í virðingu fyrir fjölbreytileika og jákvæðri afstöðu til sérparfa barna.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt er að því að breyta skipulagi í sérkennslu í næsta skólaár. Sérkennslukennarar munu vinna í auknu samstarfi og skiptast á að sinna börnum sem fá stuðning, eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni. Þannig verður mögulegt að nýta sérfræðiþekkingu betur og bregðast markvissar við þörfum barnanna. Stefnt er jafnframt að því að fjölga tækifærum fjöltyngdra barna í námsumhverfi leikskólans. Markmiðið með breytingunum er að styðja sem best við nám og líðan barna, tryggja sem jafnast aðgengi að stuðningi og efla faglegt teymisstarf innan leikskólans. Stefnt er að því að tryggja samræmda og heildstæða þjónustu við börn með sérþarfir, þar sem upplýsingaflæði milli sérkennara, deildarteyma og stjórnenda er skýrt og reglulegt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gert er ráð fyrir reglulegum teymisfundum milli sérkennara, deilda og stjórnenda og milli sérkennsluteymi, foreldra og sérfræðinga til að tryggja samráð og yfirsýn. Einstaklingsáætlanir verða reglulega endurmetnar og lagaðar að þörfum barnsins, í nánu samstarfi við foreldra. Þjálfun og fræðsla til starfsfólks, sem og virkari foreldrasamvinna, eru lykilþættir í umbótunum. Þá verður lögð áhersla á að hafa börn í minni hópum þegar það hentar, til að tryggja betri tækifæri til náms fyrir fjöltyngd börn. Auk þess verður boðið upp á náttúrulega kennslu og fræðslu fyrir starfsfólk með það að markmiði að styrkja þekkingu og færni í að styðja fjölbreyttan barnahóp á áhrifaríkan hátt.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram reglulega á innanhússfundum og teymisfundum. Við matið er stuðst við skráningar frá stuðningsaðilum, athuganir starfsfólks og samtöl við foreldra.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að þjónusta við börnin og foreldra þeirra sé betri og sérstaklega að þau börn með úthlutaða sérkennslu fái sína tíma.





Námskrágerð	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Endurskrifa námskrá Sunnufoldar.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að starfsfólk Sunnufoldar sé með skýra sýn á það starf sem unnið er í leikskólanum. Skólanámskráin er leiðarvísir leikskólans. Hún tryggir samræmi, gæði og gagnsæi í starfi og skapar börnum jöfn tækifæri til þroska og náms. Hún styður við starfsfólk í starfi og gerir skólanum kleift að þróast stöðugt áfram. Okkar markmið með nýrri skólanámskrá Sunnufoldar er að: • Skapa samræmi og sameiginlega stefnu í starfi. • Stuðla að gæðum náms og kennslu með markvissu skipulagi. • Tryggja gagnsæi og sýnileika fyrir foreldra og samfélag. • Veita ramma fyrir samfellda þróun og umbætur í starfinu. • Tryggja jöfn tækifæri og réttindi barna. • Styrkja samvinnu, fagmennsku og traust innan skólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera með skýrt vinnuþlagg fyrir Sunnufold, fá Kristínu Hildi Ólafsdóttur frá fagskrifstofu leikskóla á starfsdag í október til þess að virkja alla til þátttöku. Þá verða settar upp vinnusmiðjur sem leiða upphafið að mótun skólanámskrár. Í framhaldi af þeirri vinnu mun stjórnendateymi taka saman og vinn úr þeim gögnum sem starfsmannahópurinn lagði til. Drög að nýrri námskrá verður að lokum lögð fyrir starfsmannahópinn til yfirlestrar áður en hún verður gefin út.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 – janúar 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á vinnufundum með þeim sem taka þátt.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Árangur kemur í ljós eftir að tekið er í notkun.



4 Innra mat deilda 2024-2025

4.1 Hulduheimar

Styrkleikar

Helstu styrkleikar Hulduheima var góður starfsmannahópur sem vann vel saman. Hópurinn var sveigjanlegur og tók ýmsum aðstæðum og breytingum með opnum hug og var unnið að því að vinna vel saman þar sem samskipti væru byggð á trausti, skilningi og virðingu.

Samverustundir voru skipulagðar og metnaðarfullar þar sem unnið var að málörvun barnanna. Þær voru alla vega þrjár talsins á dag. Í samverustund á morgnanna var lögð áhersla á lestur bóka og sagna. Eftir nokkra mánuði voru börnin farin að biðja um að lesa fleiri en eina sögu og orðið var við þeirri bön. Í samverustundinni fyrir hádegismat var unnið með söng, málörvunarverkefni og hreyfileiki. Og fyrir kaffitíma voru aðallega sungnir söngvar sem hægt er að syngja með Tákn með tali.

Í umbótaáætlun fyrir veturinn var ákveðið að vinna að því að nýta salinn betur. Sett var upp skipulag þar sem hverri deild var úthlutaður ákveðinn tími til þess að nýta salinn. Deildin nýtti sér þetta vel og var salurinn notaður á morgnanna t.d. í hópastarfi.

Tækifæri

Deildinni er skipt upp í þrjú rými. Tvö stærri rými sem hægt er að loka á milli með hurð. Innan af innra rýminu er lítið herbergi sem hefur verið nýtt undir hvíld.

Þegar hópastarf er á morgnanna höfum við verið að skipta börnunum í tvo hópa nema þegar við áttum salinn.

Næsta vetur munum við nýta litla hvíldarherbergið betur og setja upp leikaðstöðu þar sem hægt verður að vera með lítinn hóp og hafa þá þrjá minni hópa í þremur rýmum. Við þetta mun skapast betra umhverfi, aðstæður og næði til að þróa leik barnanna.

Þegar börnin hvíla sig á daginn skapast tími fyrir starfsmenn til að vinna að öðrum verkefnum en umönnun barnanna. Búnað verður til tillögur og skipulag um verkefni sem starfsmenn geta gert á meðan hvíld barnanna stendur yfir.



4.2 Álfheimar

Styrkleikar

Síðastliðið skólaár var unnið mikið að málörvun barnanna. Samverustundir, spilastundir og hópastarf spiluðu stórt hlutverk í þeirri vinnu. Lögð var mikil áhersla á að læra að klappa atkvæði og læra um stafina og hljóðin þeirra og gekk það mjög vel.

Áherslur deildarinnar skólaárið 2024-2025 var bókalestur, stafrófið og söngur. Þessir áherslupættir skiluðu sér mjög vel til barnahópsins. Þegar kom að bókalestri þá lásum við sömu bókina endurtekið yfir heila viku þar sem sýnt hefur verið fram á að endurtekning hefur mikil og góð áhrif á málþroska barna. Stafrófið nýttum við í samverustundum þar sem mikið var talað um stafina og hljóð þeirra. Einnig vorum við með stafrófið sýnilegt inn á deild á nokkrum stöðum. Að lokum var söngur mikið nýttur bæði í samverustundum og vettvangsferðum.

Umbótaáætlun fyrir síðastliðinn veturinn var sett upp sameiginleg fyrir Frosta þar sem markmið var að nýta salinn betur. Það kom sér vel að fá afnot að salnum og nýttist það vel í deildarstafinu.

Tækifæri

Álfheimar samanstendur af tveimur aðalrýmum og einu minna rými. Aðalrýmin heita Sólin og Tunglið og minna rýmið heitir Dúkkó. Markmiðið næsta vetur er að betrumbæta leikrými og umhverfi barnanna í tunglherberginu með því að fá skáp undir dýnur svo það losni meira leikpláss á gólfinu.

Endurskipuleggja verkferla þegar komið er inn úr útiveru til að bæta öryggi barnanna og minnka hávaða og áreiti.

Einnig er stefnt að því að halda áfram að vinna vel með málörvun í daglegu starfi.





4.3 Tröllheimar

Styrkleikar

Á Tröllheimum var unnið með bókaorma-verkefni, þar sem börnin skiptust á að vera „Bókaormur vikunnar“. Hvert barn fékk að koma með bók í leikskólann og sú bók var lesin fyrir öll börnin þá vikuna. Með því að fá bækur að heiman fáum við að kynnst nýjum bókum, það ýtir undir sjálfstraust og stolt að fá að vera „bókaormur“ og það var mjög gaman að fylgjast með börnunum ljóma þegar röðin var komin að þeim. Á föstudögum fékk eitt barn heim með sér blað með upplýsingum hlutverk bókaorms. Einnig voru skilaboð send á foreldra þegar það var komið að þeirra barni. Verkefnið gekk mjög vel og foreldrar voru virkir þátttakendur.

Bókalestur var rauður þráður í starfinu okkar á Tröllheimar og var bók vikunnar stór þáttur í því til þess að börnin fengu endurtekningu í lestri.

Í umbótaáætlun fyrir veturinn var ákveðið að vinna að því að nýta salinn betur. Sett var upp skipulag þar sem hverri deild var úthlutaður ákveðinn tími. Við á Tröllheimum nýttum salinn mikið, bæði í hópastarfi og frjálsum leik.

Tækifæri

Tröllheimar samanstanda af tveimur aðalrýmum og tveimur minni rýmum. Markmiðið næsta vetur er að nýta þau rými betur sem deildin hefur. Einnig verður lögð áhersla á að skipta barnahópnum upp í útiveru þannig að helmingur hópsins fer út kl. 10 og hinn kl. 13. Með þessu erum við að minnka áreitið og hávaðan sem getur skapast með stóran hóp af börnum og auka þar með gæði í leik og vinnustundum með börnunum.



4.4 Logi

Styrkleikar

Nú er fyrsti veturinn eftir aldursskiptingu húsanna liðinn og reynsla komin á það. Við í Loga höfum tekið eftir jákvæðum breytingum. Mikil samheldni myndaðist t.d. hjá börnunum sem eru að byrja í grunnskóla nú í haust, enda öll í sama húsi og náðu því betri tengingu sín á milli heldur en þegar þeim var dreift á tvö hús. Einnig varð starfið markvissara og hægt að leggja meiri vinnu í aldurssamsvarandi verkefni. Börnin í Loga fengu góða kynningu á nærumhverfi leikskólans í gegnum reglulegar gönguferðir sem farnar voru í hópastarfi.

Tækifæri

Næsta vetur sjáum við fram á að nýta mannauðinn í húsinu betur. Starfsfólk verður meira fljótandi milli deilda og getur skapað námstækfæri tengt sínum styrkleikum. Deildirnar tvær, Mánakot og Stjörnukot, verða í vetur aldurshreinar og í vor munum við sjá hvort það sé meiri ávinningur í því heldur en fyrra fyrirkomulagi þegar deildirnar voru aldurblandaðar. Nú hefur einu rými inni á Stjörnukoti verið breytt í sérkennslurými en á móti ætlum við að nýta bæði inni og útisvæðið í Loga þeim mun betur og dreifa starfinu betur. Við sjáum fram á að fara með börnin í alls kyns ferðir, bæði fótgangandi um hverfið og í strætó þegar farið er lengra.



5 Umbótaáætlun 2025-2026

Frosti	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Nýting á rýmum og svæðum verði betri.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta og skipuleggja betur þá fermetra sem húsnæði og útisvæði bjóða uppá til þess að skapa betra náms- og vinnuumhverfi fyrir börn og starfsfólk.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Endurskipuleggja nýtingu á salnum, hafa góða áætlun um deildarstafið og hvar það fer fram – nýta öll rýmin og nýta það að skipta börnum í útiveru.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025- vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið regluglega á deildarstjórufundum og deildarfundum.

Logi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Aldurshreinar deildir í Loga – börn fædd 2020 á Mánakoti og börn fædd 2021 á Stjörnuakoti.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að öll börn í elstu hópum fái sömu námstækifæri og tækifæri á að kynnast öllum börnum á sama aldri og mynda vinatengsl við jafnaldra í Sunnufold. Að börn sem voru áður í sitthvoru húsinu kynnist og verði vinir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnum verður skipt í hópa sem rúlla vikulega á alla starfsmenn. Öll börn fá stundir með öllum starfsmönnum. Starfsfólk fær að vinna með sína styrkleika.
Ábyrgð	Deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025– vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið verður meðal starfsfólks á deildarfundum í lok árs og aftur í vor. Tekin verður tenglakönnun hjá börnunum til þess að athuga tengsl barna þvert á deildir.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Markmið:

Að efla faglegt starf og samheldni starfsmannahópsins með markvissri fræðslu og vinnu við endurskoðun skólanámskrár, sem og mótun sameiginlegrar sýnar á uppeldi og námsumhverfi sem byggir á jákvæðum aga og virðingu fyrir börnum.

Haut 2025

Ágúst / Upphaf starfsárs:

- Kynning á áherslum skólaársins: endurskoðun skólanámskrár
- Hópefli og teymisvinna til að efla samstarf og traust í hópnum.
- Endurmat á gildum og faglegum grunni leikskólans.

September:

- Teymi skipulögð til að vinna með tiltekna kafla námskrár.
- Deildar- og deildastjórfundir nýttir í að greina fyrri námskrá og safna hugmyndum að breytingum.

Október – Starfsdagur:

- Fræðsla frá Kristínu Hildi um uppbyggingu og þróun skólanámskrár.
- Hópavinna þar sem starfsfólk vinnur að nýrri skólanámskrá.
- Snerpusamtöl

Nóvember – Starfsdagur :

- Vinna í teyllum við kaflaskrif og samræmingu.
- Lesefni og umræður um jákvæðan aga og tengingu við námskrána.
- Samráðsfundir þar sem öll sjónarmið eru skoðuð.

Desember:

- Lokavinna við drög að námskránni – yfirferð og samþætting.
- Undirbúningur kynningar og frágangs.

Janúar 2026

Skólanámskrá kláruð og kynnt:

- Endanleg yfirferð, frágangur og samþykkt í teyllum.
- Kynning á nýrri skólanámskrá fyrir allan hópinn.
- Samstarf og gleði – viðurkenning á sameiginlegu starfi.





Vetur 2026 – eftir námskrárvinnu

Febrúar – Starfsdagur:

- Fræðsla og hópavinna með raunverulegum aðstæðum úr leikskólastarfi.

Mars–apríl – Starfsdagur :

- Endurskoðun á innleiðingu námskrár
- Teymi vinna með nýja námskrá sem leiðarvísi í faglegri endurskoðun.
- Starfsþróunarsamtöl

Mái – Starfsdagur :

- Samantekt og mat á starfsþróunarvinnu vetrarins.
- Framsýn hugsun – hvaða næstu skref viljum við stíga sem leikskóli?

Júní:

- Snerpusamtöl

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við Foldaskóla og Regnbogaland verður með sama sniði og síðustu ár. Samstarfið hefst ár hvert með því að nemendur úr Foldaskóla koma í heimsókn í leikskólann á degi Íslenskrar tungu og lesa fyrir börnin í Sunnufold. Börnin fá að vera með í ípróttatímum sem og textíl og smíðum og farið í heimsókn á skólabókasafnið. Einnig verður samstarf við Regnbogaland þar sem farið er í reglulegar heimsóknir þangað.

8 Foreldrasamvinna

Góð samvinna og samskipti við foreldra og heimili barna er lykill að farsælli leikskólagöngu, því leggjum við í Sunnufold mikla áherslu á gott foreldrasamstarf. Þessi samvinna er sterkur grunnur að því að barninu takist að nýta þau námstækifæri sem leikskólinn býður.

- 24. september kl: 19:30 verður foreldrakynning í Loga og 25. september kl: 19:30 í Frosta. Foreldrar mæta og farið verður yfir næsta skólaár. Einnig munu deildarstjórar fara yfir deildarstarf hvernar deildar og foreldrar geta spurt spurninga. Tekið verður við framboðum í foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrar eru hvattir til þess að mæta.
- Foreldraráð leikskólans skipa einn fulltrúa foreldra af hverri deild. Kosið er á foreldrafundi haustsins. Hver fulltrúi situr í tvö ár.
- Foreldrafélag er starfandi í Sunnufold þar sem foreldrar koma að piparkökumálun, gestum á jólaball, sumarhátíð, sveitaferð ásmat því að panta ljósmyndara til þess að taka deildarmyndir.
- Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar sinnum á ári. Utan þess er foreldrum ávallt velkomið að hafa samband við deildarstjóra hvort sem það er í daglegum samskiptum, símtali eða tölvupósti.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólar Reykjavíkur eiga sex skipulagsdaga á ári. Þrír af þeim eru sameiginlegir með grunnskólum í hverfinu og hinir þrír eru ákveðnir af stjórnendateymi leikskólans.

Skipulagsdagar í Sunnufold eru:

- 2. október 2025
- 3. október 2025
- 28. nóvember 2025
- 6. febrúar 2026
- 20. mars 2026
- 22. maí 2026

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: Sunnufold

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Félisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Skráningardagur	1 F Verkalýðdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F Skipulagsdagur	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F Skráningardagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F Skipulagsdagur	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Félisdagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Fíridagur verslunarmanna	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Þrándagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þrítándin	6 F Skipulagsdagur - Dagur leikskólans	6 F	6 M Annar í Þórsum	6 M	6 L	6 M
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S Símannadagurinn	7 Þ
8 F	8 M Dagur leikis	8 M	8 L Skráningardagur gegn óvætti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F Blár dagur - dagur einhverfunnar	9 L	9 Þ	9 F
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M Skólavís grunnskóla	10 F
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M Dagur íslensks látnamanns	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F Jólaveisnifélagur	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L Dagur stærðfræðinnar	14 Þ	14 F Uppstoppingardagur	14 S	14 Þ
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 L	16 Þ Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 S Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	16 F	16 M Bolludagur	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ Sprengingardagur	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lyfvelisdagurinn	17 F
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M Óskudagur	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F Skráningardagur	19 F Skráningardagur - Alljóðsdagurinn Dönni	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F Dagur manneskjna barna	20 L	20 Þ	20 F Skráningardagur	20 F Skipulagsdagur	20 M	20 M	20 L	20 M
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S Konudagur - upphaf Ólá	22 S	22 M	22 F Skipulagsdagur	22 M	22 M
23 L	23 Þ	23 F Dagur bleiku skúlnanna	23 S	23 Þ Þorlákssessa	23 F Þorlákssessa	23 M	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F
24 S	24 M Foreldrakvíring Logi	24 F Skráningardagur	24 M	24 M Affangardagur Jóna	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S Hvítasunnudagur	24 M	24 F
25 M	25 F Foreldrakvíring Frosti	25 L Fyrsti veitardagur	25 Þ	25 F Júlíadagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í Hvítasunnu	25 F	25 L
26 Þ	26 F Evrópski tungumáladi	26 S	26 M	26 F Annar í júlí	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M Skráningardagur	27 F	27 L	27 Þ	27 F Gífrandi dagur - dagur einstakna barna	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 F	28 S	28 Þ Skráningardagur	28 F Skipulagsdagur	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M Skráningardagur	29 F		29 S Þámasunnudagur	29 M	29 F	29 M	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Skráningardagur	30 F		30 M Skráningardagur	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 S		31 F Heiljávaka		31 M Gamláársdagur	31 L		31 Þ Skráningardagur		31 S		31 F

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagur í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldrar að viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allir dagar eða loki samfelld í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leisti skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagreiðis við fjölskyldur í Reykjavík.





10 Fylgiskjöl

F. h. Leikskólans Sunnufold


Leikskólastjóri

17.9.2025
Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Sunnufold

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hallbera Eiríksdóttir
Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir
Olga Dís Þorvaldsdóttir
Tinna Lind Hallsdóttir
Íris Héðinsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Foreldraráð Sunnufoldar telur að áherslurnar séu í samræmi við starf síðasta árs.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er aðgengileg og auðlesanleg.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin sýnir góða innsýn inn í starfið.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð fagnar aukinni áherslu á sérkennslu með skipun sérkennslustjóra. Foreldraráð fagnar einnig áherslu á bækur og lestur á öllum deildum skólans, sérstaklega í ljósi aukinnar umræðu um læsi grunnskólabarna.





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



